

Nd.

550. Breytingartillögur

[29. mál]

við frv. til l. um gjald af innlendum tollvörutegundum og tollvöruframleiðslu.

Frá Birni Ólafssyni.

1. Við 3. gr. Við upptalningu 2. kafla bætist undir tölulið 8:
Rjóma- og mjólkuris 1 kg 800
2. 5. gr. orðist svo:
Vörur verða gjaldskyldar samkv. lögum þessum, þegar þær eru fullgerðar. Gjaldið fellur í gjalddaga um leið og vörugerðarmaður lætur vörurnar af hendi. Ráðherra getur þó með reglugerð heimilað innheimtumanni að veita allt að þriggja mánaða frest á greiðslu gjaldsins frá byrjun næsta mánaðar eftir framleiðslu vörunnar.
Vörugerðarmaður skal skila innheimtumanni skýrslu innan viku frá lokum hvers mánaðar um framleitt gjaldskytt vörumagn í mánuðinum, vörubirgðir í byrjun mánaðarins og selt vörumagn í mánuðinum.
Hafi greiðsla gjaldsins ekki farið fram fyrir lok þess mánaðar, sem það skal greiðast í, skal greiða dráttarvexti 1% fyrir hvern byrjaðan mánuð frá gjalddaga. Þá getur tollyfirvald bannað vörugerðarmanni alla framleiðslu, sölu og afhendingu á öllum innlendum tollvörutegundum og efnivörubirgðum, unz skil eru gerð á gjaldinu. Sama gildir og, ef vörugerðarmaður skilar ekki skýrslu yfir framleiðslu sína á réttum tíma eða færir ekki bókhald sitt eins og fyrir er mælt.
3. 7. gr. orðist svo:
Nú verður tollvara ósöluhæf eða óseljanleg af einhverjum ástæðum, áður en vörugerðarmaður lætur hana af hendi, og má þá undanþiggja hana gjaldi, enda sé hún eyðilögð undir eftirliti tollyfirvalds. Sama gildir, ef gallar koma fram á vöru strax eftir afhendingu.
4. 9. gr. orðist svo:
Vörur, sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum þessum, skulu vera í umbúðum, er sérstaklega eru einkenndar með vörumerki eða nafni framleiðanda. Skal þyngdar eða magns vörunnar getið á umbúðunum. Undanþágu má veita frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Óheimilt er verzlunum og öðrum smásölustöðum að hafa á boðstólum tollvörur, nema þær fullnægi ákvæðum þessara laga.
5. 12. gr. orðist svo:
Heimilt er tollyfirvaldi hvenær sem er að láta rannsaka birgðir vörugerðarmanns af tollskyldum framleiðsluvörum og leggja fyrir hann að gera birgðatalningu undir toleftirliti.
Hafi tollyfirvald rökstuddan grun um, að vörugerðarmaður hafi gefið rangar upplýsingar um framleiðslu sína, skal því heimilt að úrskurða, að rannsókn fari fram á bókhaldi vörugerðarmanns, er snertir framleiðslu og sölu tollskyldrar vöru.